

Reykjavík, 3. apríl 2024

Lagabreytingartillögur

Lagðar fyrir aðalfund Íslandsdeildar ICOM þann 17. apríl 2024

Málsefni

Síðast voru gerðar breytingar á lögum Íslandsdeildar ICOM með samþykkt aðalfundar þann 8. desember 1993. Í millitíðinni hefur lögum Alþjóðaráðsins verið breytt en lög Íslandsdeildarinnar hafa ekki verið uppfærð til samræmis við þær breytingar. Því eru vísanir í lögum Íslandsdeildarinnar ekki í samhljómi við þær tilvísanir sem finna má í gildandi lögum og starfsreglum ICOM. Þá eru tvær tillögur um breytingar á lögum deildarinnar lagðar fyrir boðaðan aðalfund en kosið verður um tillögurnar í tvennu lagi.

Fyrri lagabreytingartillaga

Í fyrsta lagi leggur stjórn Íslandsdeildar ICOM fram tillögu um eftirfarandi breytingar á lögum Íslandsdeildar ICOM í því sjónarmiði að tryggja samræmi og aðlaga þau að lögum og starfsreglum ICOM:

- Í 3. gr., fyrstu málsgrein, falli út „skv. lögum ICOM, 14. kafla 4. gr.“ Í staðinn komi: „skv. starfsreglum ICOM, gr. 6.2.“
- Í 3. gr., þriðju málsgrein, falli út „Einstaklingur eða stofnun, sem óskar eftir inngöngu í ICOM skal fylla í sérstaka inntökubeiðni og afhenda hana Íslandsdeildinni til umfjöllunar.“ Í staðinn komi „Einstaklingur eða stofnun, sem óskar eftir inngöngu í ICOM, skal fylla út rafræna umsókn sem stjórn Íslandsdeildarinnar tekur í framhaldinu til umfjöllunar.“
- Í 3. gr. fjórðu málsgrein, falli út „skv. lögum ICOM, 6. kafla 2., 3., eða 4. gr.“ Í staðinn komi: „sbr. lög ICOM, gr. 4, l. 2 og 3.“
- Í 3. gr., síðustu málsgrein, falli út „í samræmi við lög ICOM, 9. kafla.“ Í staðinn komi: „í samræmi við lög ICOM, gr. 4, l. 4.“
- Í 4. gr., þriðju málsgrein, falli út „sbr. lög ICOM, 22. kafla, 1. gr. (g).“ Í staðinn komi: „sbr. lög ICOM, gr. 5, l. 1.“
- Í 4. gr., sjöttu málsgrein, falli út „eigi síðar en 1. apríl þess árs sem árgjaldið tekur til.“ Í staðinn komi „sbr. lög ICOM, gr. 5, l. 3.“
- Í 4. gr. falli út sjöunda málsgrein: „Gjalddagi árgjalda er 1. janúar og eindagi 1. apríl.“
- Í 4. gr., síðustu málsgrein, falli út „Hafi árgjald ekki verið greitt þann 31. desember á því ári er það féll í gjalddaga, skal aðild viðkomandi félaga að ICOM lokið, sbr. lög ICOM, 9. kafla 1. gr. (b).“ Í staðinn komi: „Hafi árgjald

ekki verið greitt er það féll í gjalddaga skal aðild viðkomandi félaga að ICOM lokið, sbr. lög ICOM, gr. 4, l. 4 (iv).“

- Í 5. gr., 2. lið, falli út „sbr. 4. gr. (b) í lögum þessum.“ Í staðinn komi: „í samræmi við gr. 4 í lögum þessum.“
- Í 5. gr., 5. lið, falli út „sem stofnaður er skv. ákvæði í lögum ICOM, 26. kafla, 6. gr.“
- Í 6. gr., 2. lið, falli út „skv. 14. kafla, 4. gr. í lögum ICOM.“ Í staðinn komi: „skv. gr. 6.2. í starfsreglum ICOM.“
- Í 6. gr., 5. lið, falli út „sbr. grein 8 (d).“ Í staðinn komi „í samræmi við gr. 8.4 í lögum þessum.“
- Í 6. gr., 6. lið, segi „skal sérhver félagi hafa eitt atkvæði, sbr. lög ICOM, gr. 7“.
- Í 7. gr., 1. lið, falli út „Stjórnarmaður skal kjörinn til þriggja ára en er óheimilt að sitja lengur en tvö þriggja ára kjörtímabil í röð, nema hann sé að því loknu kjörinn formaður og hafi ekki gegnt því starfi á næstliðnum kjörtímabilum.“ Í staðinn komi „Stjórnarmaður skal kjörinn til þriggja ára en er óheimilt að sitja lengur en tvö þriggja ára kjörtímabil í röð, nema hann sé að því loknu kjörinn formaður, gjaldkeri eða ritari og hafi ekki gegnt því starfi á næstliðnum kjörtímabilum. Enginn stjórnarmaður skal sitja lengur en tólf ár samfellt í stjórn.“
- Í 7. gr., 2. lið, falli út „skv. lögum ICOM, 14. kafla, 10. gr.“ Í staðinn komi: „skv. starfsreglum ICOM, gr. 6.4.“
- Í 7. gr., 3. lið, falli út „skv. lögum ICOM, 14. kafla, 10. gr.“ Í staðinn komi: „skv. starfsreglum ICOM, gr. 6.4.“
- Í 7. gr. 4. lið (3), falli út „sbr. lög ICOM, 6. og 9. kafla.“ Í staðinn komi: „skv. lögum ICOM, gr. 4.“
- Í 9. gr., 1. lið, falli út „skv. lögum ICOM, 14. kafla, 17. gr.“ Í staðinn komi: „skv. starfsreglum ICOM, gr. 6.5.“

Seinni lagabreytingartillaga

Í öðru lagi leggur stjórn Íslandsdeildar ICOM fram svohljóðandi tillögu um að breyta orðnotkun í lögum Íslandsdeildarinnar, þar sem eftirfarandi orð koma fyrir:

- „Varafulltrúar“ verði „meðstjórnendur“.
- „Höfuðstöðvar ICOM“ verði „aðalskrifstofa ICOM“ (e. *ICOM Secretariat*).

Lögum Íslandsdeildar ICOM má aðeins breyta á löglega boðuðum aðalfundi og skulu tillögurnar kynntar félögum deildarinnar í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þann aðalfund sem fjalla á um tillögurnar. Þá ná breytingarnar aðeins fram að ganga séu þær samþykktar af þremur fjórðu greiddra atkvæða fundarmanna og þá aðeins ef minnst þriðjungur af félögum deildarinnar tekur þátt í fundinum, í eigin persónu eða með umboði, svo sem kveðið er á um í lögum félagsins, 8. gr, 1., 2. og 4. lið. Þá hefur sérhver félagi eitt atkvæði en er einnig heimilt að fara með umboð annarra í kosningum og atkvæðagreiðslum, samkvæmt lögum Íslandsdeildar ICOM, 4. gr., 6. lið. Er félögum sem ekki sjá sér fært að mæta á fundinn því bent á að nýta sér þessa heimild til þess að kjósa um lagabreytingartillögurnar, svo að unnt sé að uppfæra lög til samræmis við stjórnarhætti, lög og starfsreglur ICOM.